



Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Akureyri, 30. október 2012  
1210032 KÁ

Efni: Umsögn um frv. til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu.

Með tölvubréfi dagsettu 19. október 2012 barst Jafnréttisstofu umsagnarbeiðni um frv. til laga um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannapágu, þskj. 197, mál 194 á 141. löggjafarþingi.

Jafnréttisstofa vísar til þeirrar umsagnar sem send var Alþingi 10. maí 2012. Ekki verður séð að þær breytingartillögur sem fram komu á 140. þingi hafi áhrif á umsögnina. Jafnréttisstofa itrekar að jafnréttissjónarmið gildi um Ríkisútvarpið eins og allar aðrar stofnanir í eigu ríkisins. Það er ekki síst mikilvægt að fjölmiðill í eigu fólksins í landinu virði bæði kyn og leitist við að jafna stöðu þeirra svo sem kostur er. Jafnframt vill Jafnréttisstofa minna á að Ríkisútvarpið er eitt merkasta og mikilvægasta heimildasafn sem til er í landinu. Það varðveitir raddir, tónlist og sögu nánast allrar 20. aldarinnar og er ómetanlegt fyrir sögu og menningu bæði kvenna og karla. Það er því afar mikilvægt að leggja áherslu á að Ríkisútvarpið er þjóðareign sem ber að standa vörð um. Það felur í sér að stofnuninni sé gert kleift að sinna hlutverki sínu með sóma.

Virðingarfyllst,

  
Kristín Ástgeirsdóttir  
framkvæmdastýra